

Fundargerð 430

Fimmtudaginn 27. ágúst 2015 kl. 15:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á. Sæmundardóttir formaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-3) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 15:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Árshlutareikningur janúar – júní 2015
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
4. Staða lánasafns 30.06.2015 – framfylgd áhættustefnu
5. Flutningsjöfnunarstyrkir 2015
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar nr. 429 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Árshlutareikningur janúar – júní 2015

AÐ og MH fóru yfir árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2015. Hagnaður tímabilsins nam 36,5 mkr. Eignir námu 13,4 milljörðum, skuldir námu 10,7 milljörðum og eigið fé var 2,7 milljarðar. Eiginfjárhlutfall í lok júní nam 21,38%

Farið var yfir almennan rekstrarkostnað á tímabilinu, yfirlit yfir hlutafé í eigu stofnunarinnar, yfirlit yfir rekstur fullnustueigna og afskriftarreikning.

Formaður bar upp árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2015 og var það samþykkt samhljóða.

3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AÐ og EGK fóru yfir stöðu verkefna og stöðu rekstrar fyrstu sjö mánuði ársins. AÐ fór yfir fyrirhugaða úttekt Byggðastofnunar á áhrif viðskiptabanns Rússlands og hvernig sú vinna mun fara fram. Verið er að funda með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og sjávarútvegssveitarfélögum. Rætt var um nýsamþykkt lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og fyrirhugaða ráðstefnu um byggðamál sem hefur verið frestað fram á vor.

4. Staða lánasafns 30.06.2015 – framfylgd áhættustefnu

EGK fór yfir stöðu lánasafns 30. júní sl., stærstu útlán, vanskil, skiptingu eftir landshlutum o.fl. Hlutur reksturs hótels – og gististaða er nú 24% sem er örlítið yfir mörkum samkvæmt samþykkt um áhættustefnu stofnunarinnar en þar segir að ekki skuli taka meiri áhættu en 20% í einstaka undirflokkum atvinnugreinaflokkunar nema með samþykki stjórnar. Leyfð eru vikmörk upp á 2% í 6 mánuði frá þessum reglum en nú þar sem hlutalið hefur verið yfir mörkum sl. 6 mánuði er ljóst að grípa verður til þeirra aðgerða sem áhættustýring kveður á um, þ.e. að allar umsóknir um lán til reksturs hótels og gististaða þurfa samþykki stjórnar þó upphæð umsókna sé innan við 35 mkr. Rætt var um að aukning hefur orðið aftur í umsóknum um uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Samþykkt að forstjóri og forstöðumaður fyrirtækjasviðs kæmu með tillögu fyrir næsta fund stjórnar um hvort ástæða sé til að hækka viðmiðið í útlánastefnunni hvað þessa grein varðar og stofnunin taki þátt í þessari miklu uppbyggingu áfram frekar en að draga úr eða herða lánveitingar til greinarinnar.

5. Flutningsjöfnunarstyrkir 2015

EGK fór yfir stöðu flutningsjöfnunarstyrkja. Alls bárust 64 umsóknir frá 61 aðila og var heildar upphæð umsótttra styrkja 164,2 mkr. Búið er að afgreiða 47 umsóknir og greiddar út 97,5 mkr. Lokaskýrsla um greiðslu flutningsjöfnunarstyrkja á árinu 2015 verður lögð fyrir stjórn fyrir árslok.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 20/15, 24. júní 2015

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 21/15, 1. júlí 2015

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 22/15, 9. júlí 2015

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 23/15, 20. ágúst 2015

EGK og AÞ fóru yfir fundargerðina.

...

...

...

...

...

....

....

7. Önnur mál

Húsnæðismál

HÁS sagði frá samtali sínu við ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi húsnæðismál.

Stjórn felur starfsmönnum og stjórnarformanni að funda með Sveitarfélaginu Skagafirði og fá upplýsingar um mögulegar lóðir til byggingar á húsnæði undir stofnunina.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 28. september nk. á Sauðárkróki kl. 10:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:47

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____